

AUGLÝSING

um að reglugerð nr. 142 16. júní 1950, fyrir Vestmannaeyjaflugvöll, falli úr gildi.

1. gr.

Reglugerð nr. 142 16. júní 1950, fyrir Vestmannaeyjaflugvöll, um öryggi, umferð o. fl. er hér með felld úr gildi.

2. gr.

Auglýsing þessi, birtist samkvæmt loftferðalögum, nr. 34 21. maí 1964, til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 10. janúar 1974.

Björn Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

Nr. 3.

2. janúar 1974.

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu ráðuneytisins nr. 366/1973 um lækkun tolla á vörum innfluttum frá EFTA og EBE.

Aftan við 2. mgr. auglýsingarinnar komi ný málsgrein svo hljóðandi:
Í tollskrárköflum 50—62 skulu eftirfarandi tollar í dálki 2 í tollskrá með yfirskriftinni EFTA-tollur lækka sem hér segir:

Núgildandi EFTA-tollur	EFTA/EBE tollur frá 1. jan. 1974
%	%
20	18
15	12
10	9

Fjármálaráðuneytið, 2. janúar 1974.

F. h. r.

Þorsteinn Ólafsson.

Björn Hafsteinsson.